



Reykjavík, 19. september 2025

Efni: Umsögn um áform um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum.

Á samráðsgátt stjórnvalda birti umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið áform um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum, mál nr. S-160/2025. Í fyrirhuguðum áformum er lagt til að ábyrgð á eftirliti með hollustuháttum og mengunarvörnum færist frá heilbrigðiseftirliti til Umhverfis- og orkustofnunar og ábyrgð á eftirliti með matvælum færist frá heilbrigðiseftirliti til Matvælastofnunar. Þannig verða eftirlitsaðilar tveir í stað ellefu. Útgáfa starfsleyfa verður miðlæg og á vegum fyrrgreindra stofnana. Fyrirhugað frumvarp umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins verður unnið í samstarfi við atvinnuvegaráðuneytið.

Samtök ferðaþjónustunnar – SAF hafa farið yfir fyrirhuguð áform og [skýrslu](#) stýrihóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum og vilja samtökin koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Afstaða SAF í málinu í gegnum árin

SAF fagna áformum um einföldun regluverks og skilvirkara eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum. Þegar skýrsla stýrihópsins var til kynningar á samráðsgátt stjórnvalda þá skiluðu samtökin inn umsögn um þá vinnu, hana má lesa [hér](#), en í umsögninni hvöttu samtökin stjórnvöld til að stíga nauðsynleg skref þegar kemur að fyrrgreindu eftirliti og gera það samræmt, einfaldara og skilvirkara. Afstaða samtakanna var sú að því yrði eingöngu náð með því að færa allt eftirlit frá heilbrigðiseftirlitum (sveitarfélögum) til stofnana ríkisins, líkt og kemur fram í sviðsmynd 3 í fyrrgreindri skýrslu.

Samtökin taka undir með því sem kemur fram í áformaskjalinu og telja að fyrirhuguð breyting sé nauðsynleg til að ná fram samræmingu, einföldun og skilvirkara eftirliti. Fyrirhuguð leið (sviðsmynd 3) sem stjórnvöld boða er einfaldari en önnur möguleg leið (sviðsmynd 4), líkt og kemur fram í lögfræðilegri álitargerð sem unnin var fyrir stýrihópinn.

Eftirlitið frá sjónarhorni þjónustuþega

Skýrsla stýrihópsins gefur von um að vel verði staðið að þessari framkvæmd og breytingarnar verði til góða fyrir atvinnulífið með minni kostnaði við umstang eftirlitsins þó eftirlitið muni vera á hendi tveggja eftirlitsaðila.

Núverandi fyrirkomulag leiðir til ósamræmis í eftirliti, óhagræði og óskilvirkni sem kostar meira fyrir atvinnulífið en eftirlit frá tveimur eftirlitsstofnunum sem viðhafa samræmt eftirlit.

Fyrirsvarsmenn heilbrigðiseftirlitssvæða hafa bent á óhagræði eftirlits af hálfu tveggja stofnana í stað einnar og þá muni þetta skila sér í hærri eftirlitsgjöldum og þar með hærri kostnaði fyrir rekstraraðila. Samtökin vilja hins vegar benda á að fyrirtæki sem starfa í dag í fleiri en einu heilbrigðiseftirlitsumdæmi hafa þurft að taka við efnislega mismunandi ábendingum frá mismunandi eftirlitsstofnunum og þá eru skýrslur þeirra oft á tíðum misjafnar. Í því fellst óhagræði og mismunun sem skapar hærri kostnað fyrir rekstraraðila en þurfa þykir. Er það ekki eftirlitinu sjálfu að kenna heldur því umhverfi sem heilbrigðiseftirlitin starfa eftir, sem býður upp á ósamræmi.

Atvinnurekendum er í grunninn sama hver sinnir eftirlitinu svo lengi sem tryggt er að eftirlitið sé í samræmi við lög og það sé samræmt um allt land. Eftirlitið má jafnframt ekki vera of flókið eða tímafrekt því meginþorri fyrirtækja landsins eru í grunninn lítil og meðalstór og hafa ekki burði til að standa í óþarfa flækjustigi við eftirlit.

Boðuð einföldun og samræming upplýsingakerfis þar sem mögulegt er að hafa eitt stafrænt viðmót fyrir eftirlit, skráningar og samskipti skiptir máli fyrir eftirlitsþega. Aukin sjálfvirkni af hálfu eftirlitsstofnana myndi gegna stóru hlutverki í að bæta eftirlit þeirra og stytta afgreiðslutíma.

Líkt og kemur fram í skýrslunni er nauðsynlegt að við framkvæmd eftirlits nýtist eftirlitsheimsóknir milli stofnana og að formlegt samkomulag sé um virkt samstarf. Það kemur í veg fyrir soun í kerfinu. Eftirlitsheimsókn frá einni eftirlitsstofnun verður að nýtast hinni stofnunni við ákvörðunartöku um hvort og hvenær farið verði í eftirlit. Þá er boðað að eftirlitið verði með auknum hætti áhættumiðað og að eftirlit í dreifbýli betur forgangsraða. Breytingin gæti því dregið úr eftirlitsheimsóknum án þess að draga úr gæðum eftirlitsins.

Samtökin horfa jákvætt á fyrirhugaðar breytingar sem boðaðar eru í áformaskjalinu og telja þær vera jákvætt skref til að einfalda rekstrarumhverfi fyrirtækja í landinu.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllt

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Ágúst Elvar Bjarnason

*Ágúst Elvar Bjarnason, vekefnastjóri
gististaða*

Gunnar Valur Sveinsson

*Gunnar Valur Sveinsson, vekefnastjóri
veitingastaða*